

Lög

**um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra
starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með
síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða) eða hluta þessa starfsheitis.
- b. Orðið „og“ í 7. tölul. fellur brott.
- c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
10. tölvunarfræðinga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 12. desember 2002.